

Miðvikudaginn 1. nóvember 1961.

Nr. 69/1961. **Ákærvaldið** (Þorvaldur Lúðvíksson hdl.)  
gegn

**Friðriki Anton Högnasyni**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og

**Eyjólfi Halldórssyni** (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ár-  
mann Snævarr.

Áfengislagabrot. Rangar skýrslur.

### Dómur Hæstaréttar.

Háttsemi ákærðu er í héraðsdómi færð til réttra refs-  
ákvæða, sbr. og 77. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing  
ákærðu hæfilega ákveðin, eins og þar greinir, en rétt er, að  
gæzluvarðhald ákærða Eyjólfssonar frá 16. júlí 1960  
til 22. s. m. komi til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr.  
laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. laga nr. 26/1958 og 1. mgr.  
68. gr. laga nr. 19/1940, sbr. nú 2. gr. þeirra laga og 2.  
mgr. 6. gr. laga nr. 31/1961, er rétt að svipta ákærða Frið-  
rik Anton Högnason ævilangt heimild til að stjórna leigu-  
bifreið til mannflutninga.

Réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/  
1940 verður ekki dæmd í máli þessu, enda hefur ákærvald-  
ið fallið frá kröfu til hennar, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961  
og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað þykir mega stað-  
festa.

Hvor ákærðu greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti máls-  
varnarlaun, kr. 3000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sak-  
arinnar, þar á meðal laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr.  
4000.00, greiði ákærðu in solidum.

Héraðsdómari lét hinn 14. júlí 1960, kl. 1425, flytja ákærða  
Eyjólf Halldórsson í varðhald af dómþingi, þar sem hann

hafði horið vætti. Var ákærði síðan, án þess að gæzluvarðhaldsúrskurður væri upp kveðinn, hafður í haldi til kl. 1610 daginn eftir, er hann var látinn laus. Hefur héraðsdómari því eigi gætt ákvæða 1. mgr. 65. gr. stjórnaðskrárinnar nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 27/1951.

#### Dómsorð:

Ákærði Friðrik Anton Högnason sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er ævilangt sviptur heimild til að stjórna leigubifreið til mannflutninga.

Ákærði Eyjólfur Halldórsson sæti fangelsi 3 mánuði. Gæzluvarðhaldstími hans frá 16. júlí 1960 til 22. s. m. komi til frádráttar refsivist hans.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Friðrik Anton greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, og ákærði Eyjólfur laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar á meðal laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvikssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1960.

Ár 1960, mánudaginn 12. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 7932—33/1960: Ákærvaldið gegn Friðriki Anton Högnasyni og Eyjólf Halldórssyni, er tekið var til dóms 24. f. m.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 20. september 1960, höfðað gegn Friðriki Anton Högnasyni bifreiðarstjóra, Reynimel 23, Reykjavík, og Eyjólf Halldórssyni verkamanni, Smyrilsvegi 26, Reykjavík.

I. Gegn ákærða Friðriki Anton er málið höfðað fyrir að hafa laugardagskvöldið 9. júlí s.l. selt meðákærða Eyjólfvi hálfflösku af brennivíni fyrir kr. 120.00 á Faxagarði hér í bænum í eða við bíl-inn R 4450.

Telst brot þetta varða við 18. gr. sbr. 39. gr. áfengisлага nr. 58/1954.

II. Gegn ákærða Eyjólfvi Halldórssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

a) Fimmtudaginn 14. júlí s.l., er hann var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni hér í bæ, neitað að hafa keypt greinda hálf-flösku af brennivíni af meðákærða Friðriki Anton og sagt, að hann (ákærði Eyjólfur) hefði á Kalkofnsvegi, er áfengissalan fór fram, farið upp í bílinn til ákærða Friðriks Antons og beðið hann um að lána sér kr. 500.00, sem ákærði Friðrik Anton hefði orðið við. Telst þetta brot ákærða Eyjólfv varða við 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

b) Greindan fimmtudag í dómþingi sakadóms Reykjavíkur, er hann kom fyrir dóm sem vitni, vísvitandi skýrt rangt frá og staðfest það með drengskaparheiti:

1. Að ákærði Friðrik Anton hefði í nokkur skipti lánað honum peninga frá kr. 200.00 til kr. 400.00, svo sem um mánaðamót maí og júní s.l. kr. 300.00, er hann hefði endurgreitt næsta dag.
2. Að hann (ákærði Eyjólfur) hefði laugardagskvöldið 14. (sic.) júlí fengið að lána hjá ákærða Friðriki Anton kr. 500.00 um kl. 2000 í bíl hans R 4450 við Kalkofnsveg hér í bænum.
3. Að hann hefði ekki keypt áfengi af ákærða Friðriki Anton greint laugardagskvöld og að hann (ákærði Eyjólfur) hefði haft þá hálfflösku af brennivíni, sem hann raunverulega keypti af ákærða Friðriki Anton, meðferðis heiman að frá sér nefnt laugardagskvöld, en áfengi þetta hefði verið afgangur af áfengi, er hann hefði keypt laugardagsmorguninn 14. (sic.) júlí s.l. í útsölu Áfengisverzlunar ríkisins. Þetta brot ákærða Eyjólfv telst varða við 1. og 2. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga.

III. Gegn ákærða Friðriki Anton er málið höfðað fyrir að fá ákærða Eyjólf til að bera rangt fyrir rannsóknarlögreglu fimmtudaginn 14. júlí s.l. og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sama dag á þá leið, að ákærði Friðrik Anton hefði eigi selt ákærða Eyjólfvi greinda hálfflösku af brennivíni og að ákærði Friðrik Anton hefði margnefnt laugardagskvöld lánað ákærða Eyjólfvi kr. 500.00 í bíl-um R 4450 á Faxagarði eða við Kalkofnsveg hér í bæ, eins og áður greinir, en þeir ákærðu hittust laugardagskvöldið 9. júlí s.l.

að Hótel Borg, aðfaranótt miðvikudagsins 17. (sic.) sama mánaðar að heimili ákærða Eyjólfssonar og miðvikudagsmorguninn 17. (sic.) júlí s.l. að Þórsgötu 1 hér í bæ til að ráðgast saman um hina röngu framburði ákærða Eyjólfssonar.

Teljast þessi brot ákærða Friðriks Antons varða við 146. gr. og 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði Friðrik Anton verði sviptur réttindum leigubifreiðarstjóra samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Friðrik Anton er fæddur 12. marz 1928 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1948 19/5 Reykjavík. Sátt 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.  
 — 31/8 Reykjavík. Undir rannsókn út af umferðarslysi. Fellt niður með bréfi Dómsmálaráðuneytis 9/9 1949.
- 1950 25/3 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur (1282/1950).
- 1952 22/7 Reykjavík. Kærður fyrir meint brot á lögum nr. 47/1935. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytis 19/3 1953.  
 — 12/5 Reykjavík. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 1282/1950: Fangelsi í 4 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár.
- 1954 21/1 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
- 1956 5/4 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 — 4/5 Reykjavík. Áminning fyrir vöntun ökuskírteinis.
- 1957 30/4 veittu handhafar valds forseta Íslands dómfellda uppjöf saka, að því er snertir dóm Hæstaréttar frá 12/5 1952, þannig að allar lögfylgjur dómsins falli niður, þar á meðal að dómfelldi njóti allra borgaralegra réttinda og dómurinn hafi ekki ítrekunaráhrif.
- 1958 14/5 Reykjavík. Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Láðst hefur að færa í sakaskrá ríkisins, að Friðrik Anton var hinn 15. október 1958 með dómi Hæstaréttar sýknaður í máli því, er dæmt var um í sakadómi Reykjavíkur 14. maí sama ár.

Ákærði Eyjólfur er fæddur 11. janúar 1939 í Reykjavík. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur hann hvorki sætt ákærum né refsingum.

Málsatvik eru þessi:

### I.

Laugardagskvöldið 9. júlí s.l., kl. um 20.00, komu þeir ákærði Eyjólfur og kunningi hans Rafn Thorarensen í leigubifreið að bifreiðastöð Hreyfils við Kalkofnsveg hér í borg. Ákærði Eyjólfur hafði þar tal af meðákærða Friðriki Anton, er síðan ók leigubifreið sinni R 4450 að Faxagarði, en þeir ákærði Eyjólfur og Rafn fylgdu á eftir í hinni bifreiðinni. Er á Faxagarð kom, keypti ákærði Eyjólfur af meðákærða Friðriki Anton hálfflösku af brennivíni og galt fyrir kr. 120.00. Hafa þeir báðir fyrir dómi játað kaupunum. Tveir lögreglumenn báru í dómi, að þeir hefðu séð viðskiptin fara fram, en Rafn var ekki sjónarvottur að þeim. Lögreglumönnum láðist að hafa tal af ákærða Friðriki Anton á vettvangi og leyfðu honum óhindrað að aka á brott.

Með eigin játningu ákærða Friðriks Antons, framburði ákærða Eyjólfur og eiðfestu vætti tveggja lögreglumanna telst sannað, að ákærði Friðrik Anton hafi selt ákærða Eyjólfur áfengi umrætt sinn. Þykir þetta brot hans varða við 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

### II.

Ákærði Eyjólfur var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu fimmtudaginn 14. júlí s.l. sem vitni vegna greindrar vinsölu. Neitaði hann þá áfengiskaupum af meðákærða Friðriki Anton, kvað erindi sitt við hann hafa verið að falast eftir 500 króna láni, er hann fékk í nýjum eitt hundrað króna seðlum, en sjálfur hefði hann komið heiman að frá sér með vín það, er í vörzlum hans var. Ákærði Friðrik Anton var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu þenna sama fimmtudag. Neitaði hann áfengissölu, en sagði kunningja sinn, meðákærða Eyjólfur, hafa verið að leita eftir 500 kr. láni, er ákærði Friðrik Anton veitti honum.

Ákærði Eyjólfur kom fyrir dóm sem vitni fimmtudaginn 14. júlí s.l. Staðfesti hann frásögn sína hjá rannsóknarlögreglu og bætti því við, að meðákærði Friðrik Anton hefði nokkrum sinnum fyrr lánað sér reiðufé frá kr. 200.00 til kr. 400.00, svo sem um mánaðamót maí og júní s.l. kr. 300.00, er hann endurgreiddi næsta dag. Ákærði Eyjólfur neitaði að hafa keypt áfengi af meðákærða Friðriki Anton, kvaðst hafa haft hálfflösku af brennivíni meðferðis

heiman að frá sér, er verið hefði afgangur af áfengi, sem hann keypti sama morgun í útsölu Áfengisverzlunar ríkisins.

Löglega undirbúinn staðfesti ákærði Eyjólfur sem vitni þenna framburð með drengskaparheiti sínu.

Báðir hinna ákærðu voru færðir í einangrun í hegningarhúsið við Skólavörðustíg síðdegis fimmtudaginn 14. júlí s.l. Kom ákærði Eyjólfur aftur fyrir dóm klukkan um 2100 sama kvöldið. Játaði hann þá áfengiskaupum af meðákærða Friðriki Anton sem og röngu staðfestu dómvætti fyrr um daginn.

Framburðir ákærðu um nánari tildrög hins ranga framburðar voru mjög á reiki, og mótsagna gætti í þeim. Ákærði Friðrik Anton kvaðst hafa orðið var við, er lögreglumenn gáfu sig á tal við meðákærða Eyjólf við Faxagarð nefnt laugardagskvöld. Fregnaði hann síðar um kvöldið, að ákærði Eyjólfur myndi staddur að Hótel Borg við gleðskap. Fór hann þangað ásamt bróður sínum, Kristjáni Högnasyni. Hittu þeir bræður ákærða Eyjólf og veittu honum vín að drekka. Kvaðst ákærði Eyjólfur hafa verið nokkuð með áhrifum áfengis, er viðræðurnar áttu sér stað, en ákærði Friðrik Anton áleit hann allsgáðan, en taldi þó síðar, að hann kynni að hafa verið eitthvað ölvaður. Ákærði Eyjólfur kvaðst hafa sagt þeim bræðrum, að hann hefði ekki afhent lögreglumönnum flösku þá, er hann keypti, og var það sannleikanum gagnstætt. Sagðist ákærði Friðrik Anton því hafa talið, að næg sönnunargögn væru ekki fyrir hendi í málinu, ei verið frekar um það talað á Hótel Borg, og hann þess vegna alls ekkert imprað á því við meðákærða Eyjólf, að sá síðarnefndi bæri rangt í málinu. Ákærði Eyjólfur staðhafði hins vegar, að þeir bræður hefðu báðir hvatt sig til rangs framburðar. Hefði ákærði Friðrik Anton sagzt mundu hljóta öku-leyfissviptingu, en mikið í húfi fyrir hann, þar sem hann skuldaði 170 þúsund krónur í bifreið sinni. Ákærði Friðrik Anton játaði þenna framburð meðákærða Eyjólf réttan, að því undanskildu, að Kristján bróðir sinn hefði engan þátt átt í hvatningu til rangs framburðar, og staðfesti ákærði Eyjólfur það síðar. Með tilvísan til 89. gr. laga nr. 27/1951 skoraðist Kristján Högnason undan því að bera vætti í málinu.

Rafn Thorarensen var með ákærða Eyjólf á Hótel Borg umrætt sinn. Sagði hann ákærða Eyjólf hafa horfið sér sýnum í um klukkustund, en haft við orð, er hann kom aftur, að hann hefði verið að tala við ákærða Friðrik Anton, og gaf Rafni berlega í skyn, að ákærði Friðrik Anton hefði beðið sig um að bera rangt um atvik í málinu, er hann væri kvaddur fyrir dóm. Ekki það

ákærði Eyjólfur þó Rafn að bera rangt um málsatvik, enda kvaðst Rafn þegar hafa sagt ákærða Eyjólf, að hann myndi einungis skýra rétt og satt frá. Vann vitnið Rafn Thorarensen drengskaparheit að framburði sínum.

Ákærði Eyjólfur kvað meðákærða Friðrik Anton hafa komið heim til sín aðfaranótt miðvikudagsins 13. júlí s.l. laust eftir miðnætti. Sammæltust þeir þá um, að beiðni ákærða Friðriks Antons, að hittast klukkan 1000 næsta morgun á skrifstofu Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns að Þórsögötu 1. Ákærði Friðrik Anton sagði þetta rétt vera, kvaðst hafa hringt til lögmannsins, skýrt honum frá málavöxtum og beið um viðtal á nefndum tíma. Ákærði Eyjólfur kvaðst hafa komið á skrifstofu Þorvalds miðvikudaginn 13. júlí s.l., klukkan 1000. Hafi ákærði Friðrik Anton ekki komið fyrr en um 15 mínútum síðar. Á meðan hafi hann að boði Þorvalds setið á skrifstofu hans, og virtist lögmaðurinn kannast við ákærða Eyjólf og erindi hans. Sagði ákærði Eyjólfur, að þeir hefðu lítið rætt málið, enda lögmaðurinn verið að sinna símtali við nafngreindan mann um tiltekið efni. Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóm föstudaginn 15. júlí s.l., eða tveimur dögum eftir mót þeirra ákærða Eyjólf. Kannaðist hann við, að ákærði Eyjólfur hefði komið til sín um hádegisbil þriðju- eða miðvikudagsins næsta á undan. Fullyrta lögmaðurinn, að ákærðu hefðu komið samtímis á skrifstofu sína, en ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir, í hvaða skyni þeir hefðu komið þangað. Sagði lögmaðurinn öruggt, að þeir hefðu aðeins komið í dyragættina, en ekkert dvalið á skrifstofu hans. Ákærði Friðrik Anton staðfesti þann framburð meðákærða Eyjólf, að hann hefði komið um 15 mínútum of seint til stefnumótsins, skrifstofudyr lögfræðingsins verið læstar, en meðákærði Eyjólfur lokið þeim upp innan frá. Þá staðfesti maður nokkur í dómnum, að hann hefði átt símaviðtal við Þorvald Þórarinsson hæstaréttarlögmann á greindum tíma, og bar honum og ákærða Eyjólf saman um efni samtalsins. Ákærðu voru sammála um, að tilgangur farar þeirra til hæstaréttarlögmannsins hafi verið að ráðgast við hann um fyrirhugaðan rangan framburð ákærða Eyjólf. Hins vegar neituðu ákærði Friðrik Anton og Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, að nokkur ráð hefðu verið brugguð í viðurvist hæstaréttarlögmannsins, enda hann nærri strax vísað ákærðu brott af skrifstofu sinni, þar sem hann vegna anna hefði ekki haft tíma til að sinna erindi þeirra. Ákærði Eyjólfur hefur hins vegar staðfastlega fullyrt, að Þorvaldur Þórarinsson hafi verið vitorðs- og

hvatningamaður um hinn ranga framburð, enda beinlínis sjálfur höfundur skröksögunnar um 500 króna lánaviðskipti, er ákærðu síðar báru.

Ákærðu kom saman um, að þeir hafi ekkert þekkt, áður en vínkaupin fóru fram. Ákærði Friðrik Anton lofaði meðákærða Eyjólfvi að vísu ótilgreindum gagngreiða, fengi málið góðan endi fyrir hann, en ákærði Eyjólfur taldi, að hvatningar meðákærða Friðriks Antons, barlómur hans um fjárhagsvandráði sem og áeggjan hæstaréttarlögmans Þorvalds Þórarinssonar hafi fyrst og fremst valdið vilyrði hans til hins ranga framburðar. Ákærði Friðrik Anton hefur haldið því fram, að hann hafi ráðið meðákærða Eyjólfvi frá því að staðfesta vætti sitt með eiði, en þá ráðleggingu kannaðist ákærði Eyjólfur ekki við.

Ákærði Friðrik Anton hefur berum orðum játað fyrir dómi að hafa fengið meðákærða Eyjólf til að bera ranglega um staðreyndir í máli þessu bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, og stendur sú játning óhögguð. Ákærði Eyjólfur hefur og ítrekað borið í dómi, að meðákærði Friðrik Anton hafi hvatt sig til þessarar háttsemi.

Að beiðni Guðmundar Ingva Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða Friðriks Antons, var ákærði Eyjólfur kvaddur fyrir dóm, eftir að málið fór í vörn. Bar ákærði Eyjólfur þá, að meðákærði Friðrik Anton hafi við mót þeirra á Hótel Borg einasta hvatt sig til rangrar skýrslugerðar hjá rannsóknarlögreglu, og að gefnu tilefni frá verjandanum kvaðst hann engan skilsmun kunna á rannsóknarlögreglu og dómara. Ekki er unnt að taka þetta afturhvarf ákærða Eyjólf frá áður gefnum framburðum til greina. Að því er fyrra atriðið snertir, er það aðeins að hluta. Stendur þannig t. d. alveg óhögguð fullyrðing hans í dómþingi 14. júlí s.l., að ákærði Friðrik Anton hafi á heimili hins fyrrnefnda hvatt hann til að „standa á því fastara löppunum, bæði fyrir lögreglu og dómi“, að engin áfengissala hefði átt sér stað, svo sem orðrétt er bókað eftir ákærða Eyjólfvi. Að því er síðara atriðið varðar, fer það í bága við fyrri framburði ákærða Eyjólf, þar sem hann staðhæfir á dómþingum, að honum hafi verið fyllilega ljóst, að hann í upphafi mætti hjá rannsóknarlögreglu og kom fyrir dóm sem vitni í málinu, enda ítrekað verið brýndur á vitnaskyldunni.

Háttsemi ákærða Friðriks Antons, er nú hefur verið lýst, þykir varða við 142. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga og hegðun ákærða Eyjólfvi við 142. gr. sömu laga. Verður talið, að nefndar gr. hegningarlaga tæmi sök ákærðu, að því er varðar liðina II—III í ákæruskjali.

Refsing ákærða Friðriks Antons þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þá er og rétt að svipta ákærða Friðrik Anton réttindum leigubifreiðarstjóra, svo sem krafizt er í ákæruskjali, og telst sviptingartími hans hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Með skírskotun til ungs aldurs ákærða Eyjólfss og hreins sakferils þykir mega ákvarða honum lágmarksrefsingu, eða fangelsi í 3 mánuði. Hins vegar er ekki auðið að skilorðsbinda refsingu ákærða Eyjólfss, þar sem vætti hans var staðfest með drengskaparheiti og með hliðsjón af öllu framferði hans fyrir dómi. Ber því og samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ekki þykir unnt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að ákvarða, að gæzluhaldsvistir ákærðu komi til frádráttar dæmdum refsingum þeirra.

Dæma ber ákærða Friðrik Anton til að greiða skipuðum réttargæzlumanni sínum, Gísla Ísleifssyni héraðsdómslögmanni, kr. 1000.00 í þóknun og skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni Guðmundi Ingva Sigurðssyni, málsvarnarlaun, kr. 2000.00. Ákærði Eyjólfur greiði skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni, Erni Clausen, málsvarnarlaun, kr. 2000.00. Allan annan sakarkostnað ber ákærðu að greiða in solidum.

Í ákæruskjali dómsmálaráðherra eru þær dagsetningarskekkjur, að í II, b, 2—3, er getið um 14. í stað 9. júlí s.l., og í III. er miðvikudagurinn 13. júlí s.l. tvívegis ranglega talinn sem 17. sama mánaðar. Ritvillur þessar eru ekki slíkar, að þær geti haft áhrif á úrlausn sakarefnis, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Vegna mikilla anna við embættið hefur uppkvaðning dómsins dregizt nokkuð.

#### Dómsorð:

Ákærði Friðrik Anton Högnason sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga svo og í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja réttindum leigubifreiðarstjóra.

Ákærði Eyjólfur Halldórsson sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Friðrik Anton greiði skipuðum réttargæzlumanni sínum, héraðsdómslögmanni Gísla Ísleifssyni, kr. 1000.00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2000.00.

Ákærði Eyjólfur greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 2000.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1961.

Nr. 68/1958. **Bernhard Petersen og  
Hraðfrystistöðin í Vestmannaeyjum**  
gegn  
**Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda m/s An-  
ette S og gagnsök.**

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ár-  
mann Snævarr.

Mál fellt niður.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1958, og var það þingfest í júnímánuði s. á.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu af sinni hálfu með stefnu 26. júní 1958 til þingfestingar í septembermánuði sama ár, og var gagnsökkin sameinuð aðalsök í nóvembermánuði það ár.

Málinu hefur verið frestað átján sinnum hér fyrir dómi með sammæli málsaðilja, en ágríp dómsgerða hefur eigi borizt til Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm 30. f. m., krafðist aðaláfrýjandi þess, að aðalsökkin félli niður. Gagnáfrýjandi krafðist þess einnig, að gagnsökkin félli niður, en gerði kröfu til málskostnaðar í aðalsök. Aðaláfrýjandi krafðist einnig málskostnaðar í gagnsök.